

Fundur stjórnar TSÍ 16. ágúst 2010

kl: 19:30 í Laugardalnum

Mættir: Rakel, Gunnar, Hafsteinn Dan, Ingólfur og Þrándur.

1. Íslandsmeistaramótið utanhúss

Stjórn TSÍ ræddi um hvernig til hefði tekist með nýhaldið Íslandsmeistaramót utanhúss, þ. á m. umgjörð, tímasetningu mótsins, þátttöku, kynningu á mótinu, hækkun mótsgjalda í meistaraflokki, aukakostnað við verðlaunaafhendingu, móttöku skráninga og fjölmiðlaumfjöllun um mótið sem var lítil. Stjórnin ræddi þann möguleika að reyna að tryggja fyrir næsta Íslandsmeistaramót utanhúss að úrslitaleikirnir yrðu sýndir í beinni útsendingu á annaðhvort stöð 1 eða stöð 2. Þá var rætt um mótareglur frá 1995 og þörf á að uppfæra þær. Stjórn TSÍ ákvað að fela mótanefnd að yfirfara mótareglur og gera tillögur að breytingum samhliða því að semja lista fyrir mót með sambærilegum tímaviðmiðunum, sbr. hér síðar.

Stjórn TSÍ ákvað að framvegis myndi stjórn TSÍ eða mótanefnd TSÍ leitast við að leggja línurnar um ýmis atriði í tengslum við mótahald. Stjórn TSÍ ákvað að fela mótanefnd að semja lista með atriðum sem þarf að hafa í huga og eiga að vera til staðar á öllum mótum, með t.d. 10 atriðum, um þátttökugjald og framkvæmd móts. Stefnt yrði að því að þessi gátlisti eða eftir atvikum kröfur TSÍ yrði tilbúinn fyrir fyrsta stórmót TSÍ í október nk. Gott væri ef drög væru tilbúin fyrir næsta fund stjórnar.

Stjórn TSÍ ákvað að stefnt yrði að því að halda mótstjóranámskeið þar sem fleiri einstaklingar gætu fengið kennslu í að skipuleggja og halda mót.

Stjórn TSÍ ákvað að biðja mótstjóra Íslandsmeistaramótsins utanhúss, Raj og Andra, að semja minnispunkta fyrir ársskýrsluna. Þetta væri hluti af mótstjóra starfinu og ekki yrði greitt sérstaklega fyrir það.

2. Landsliðsæfingar

Stjórn TSÍ fól landsliðsnefnd að kanna með vallarmál fyrir landsliðsæfingar í haust fyrir stráka- og stelpulandslið. Í tengslum við við landsliðsæfingar voru ýmis mál rædd nánar.

3. Tennishöll í Reykjavík

Stjórn TSÍ ákvað að Ingólfur og Rakel myndu vinna nánar að athuga með möguleika á að fá lóð undir tennishöll í Reykjavík. Athuga stöðuna hjá ÍSÍ, bænum og hafa samskipti við formenn klubbanna í Reykjavík. Jákvætt væri ef kostnaðaráætlun, möguleg staðsetning og tegund hús gæti grófllega legið fyrir í kringum næsta ársþing, a.m.k. mætti vinna að því.

4. Staðlar og mál fyrir íþróttavelli – ÍSÍ

Stjórn TSÍ ákvað að Rakel og Jónas myndu fara í að svara beiðni ÍSÍ um staðla og mál á völlum.

5. Styrkir fyrir keppnisferðir erlendis undir tuttuugu ára og yngri

Rætt var fyrirkomulag um styrkveitingu fyrir keppnisferðir erlendis fyrir tuttuugu ára og yngri. samþykkt var að miðað yrði við hlaupandi hlutfall. Fyrstu fengu allir greitt fyrir eitt mót, síðan allir sem hefðu keppt á tveimur mótum og síðan þremur. Stjórn TSÍ tók fram að mögulegt væri að ákvörðun yrði tekin síðar þar sem heildarfjárhæð sem væri lögð í þennan lið yrði hækkuð. Ákveðið var að setja upp auglýsingu um styrkumsóknir, benda Andra á hana og að allar umsóknir yrðu að hafa borist fyrir lok október nk.

6. Verkefni fyrir kvennalandsliðið

Ákveðið var að styrkja æfingaprógramm Arnars fyrir kvennalandsliðið í sumar, sem kom að hluta til í staðinn fyrir Fed Cup ferð þeirra, kr. 54.000. Jafnframt var fjárhæð úr Fed Cup á fjárhagsáætlun lækkuð úr 200 þúsund í 54. þúsund.

7. Samstarf fyrir styrktaraðila

AESIC hefur sýnt áhuga á mögulegu samstarfi. Samþykkt var að Rakel og Gunnar myndu hitta fulltrúa þeirra og ræða mögulegt samstarf.

8. Fjármál

Ýmis atriði tengd fjármálum voru rædd. Rædd var staðan m.a. á innheimtum á skuldum.

9. Dómaranámskeið

Fram kom að gerð væri af hálfu Evróputennissambandsins krafa um hvít merki (white badge) til að geta dæmt á evrópumótum. Sambandið myndi hins vegar ekki styrkja námskeið sem yrðu haldin í Amsterdam. Búast mætti við að kostnaður við að senda keppanda væri allt að 150 þúsund kr. Stjórn TSÍ samþykkt að senda 1-2 á námskeið með þeim skilyrðum að þeir myndu síðan bjóða fram þjónustu sína á evrópumótum næstu 2-3 árin. Aðeins yrði styrkt námskeiðsgjald, flugfar og hótelsgisting. Stjórn TSÍ fól Yousef f.h. mótsnefndar að koma með tillögur að hverjir myndu fara á námskeiðið.

10. ITN listinn

Fram kom að ITN listinn hefði ekki verið uppfærður. Stjórn TSÍ fól Ingólfi að kanna og ræða við Helga varðandi mögulegur framvindur á því máli.

11. Gagnagrunnur

Skoðuð var sú hugmynd að kaupa aðgang að gagnagrunni. Sú hugmynd sem stjórnin hefði áhuga á væri sú að það væri skylda mótstjóra að uppfæra grunninn fyrir/eftir hvert mót. Þrándi var falið að skoða nánar tournamentsoftware.com forritið, stofnun þess og tengda hluti.

12. Árshátíðin

Fjölirnir hafði ekki svarað beiðni TSÍ um að halda árshátíð. Stjórn TSÍ ákvað því að reyna að tala við annað tennisfélag, þ.e. Þrótt til að halda það. Jafnframt lýsti stjórnin yfir áhuga á því að Fjölirnir og Þróttur héldu tennismót á nýju völlum hjá Egilshll.

13. Davis og Fed Cup

Stjórn TSÍ ákvað að skrá til þátttöku á mótin á komandi ári.

14. Afreksstefna TSÍ

Stjórn TSÍ ákvað að ræða við Helga um hvernig staðan væri á afreksstefnu TSÍ og framvindu þess máls.

Fundi lokið.